

**8. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2008-2009,  
haldinn að Garðarsbraut 5, 3. apríl 2009, kl.13:00.

Mættir: Björn Ingimarsson, formaður sem stjórnaði fundi, Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson sem ritaði fundargerð. Gunnar Jóhannesson var við 1. lið fundarins.

**Fundargerð** síðasta fundar – samþykkt með undirritun þeirra stjórnarmanna sem fundinn sátu.

- 1. Japansferð – skýrsla.** Gunnar Jóhannesson gerði grein fyrir ferð viðskiptasendinefndar til Japan á vegum Útflutningsráðs sem hann tók þátt í á vegum félagsins ásamt Margréti Sverrisdóttur. Megináhersla í ferðinni var á ferðapjónustu og tóku þau þátt í ýmsum kynningum og fundum með ferðaskrifstofum. Japan er mjög stór markaður og telur Gunnar Norðausturland eiga mörg tækifæri á þessu sviði. Einnig kom fram að árangur af ferðinni ræðst mest af því hvernig þessu verður fylgt eftir. Stjórnarmenn fengu í hendur skýrslu um ferðina og framkvæmdastjóri fór yfir kostnað og fjármögnun ferðarinnar. Stjórnarmenn voru sammála um að kynning gagnvart þessum markaði yrði hluti af almennum kynningarmálum án þess að ráðist yrði í sérstakt verkefni.
- 2. Byggðaáætlun 2010-2013.** Framkvæmdastjóri fór yfir drög að greinargerð sem hann er að vinna um nýkynnta Byggðaáætlun, hvaða áhrif hún hefur á svæðinu og hver viðbrögð félagsins við henni skuli vera. Fundarmenn ræddu ýmis atriði áætlunarinnar. Stjórnin fól framkvæmdastjóra að vinna greinargerðina áfram og munu koma athugasemdir ef einhverjar eru verða sendar til hans. Stefnt er að því að senda greinargerðina til Bygðastofnunar fyrir páska.
- 3. Norðausturland ehf.** Framkvæmdastjóri kynnti drög að samþykktum fyrir stofnun félags um kynningarstarfsemi á svæðinu og gerði grein fyrir hugmyndum um fyrirkomulag að rekstri félagsins. Nokkur umræða var um markmið og hlutverk félagsins og hvenær raunhæft og æskilegt væri að stofna það. Framkvæmdastjóra var falið að vinna áfram að málinu.
- 4. Samstarfssamningur við Urðarbrunn.** Framkvæmdastjóri kynnti drög að samstarfssamningi við Urðarbrunn um sameiginlegan starfsmann. Engar athugasemdir voru gerðar við samninginn og samþykkt að ganga til samstarfsins samkvæmt honum.
- 5. Samstarfssamningur við Markþing.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum um breytingar á gildandi samningi við Markþing. Framvinda samningsins ræðst m.a. af væntanlegri stofnun Norðausturlands ehf.
- 6. Starfsmannamál.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir uppsögn Gunnars Jóhannesson sem hefur tekið að sér nýtt verkefni og mun hverfa frá störfum í vor. Ákveðið var að ráða ekki í stöðu hans að sinni. Stjórnin þakkar Gunnari vel unnin störf í þágu félagsins og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi. Framkvæmdastjóri óskaði eftir umboði til þess að breyta ráðningarfyrirkomulagi við Jónu Matthíasdóttur sem unnið hefur sem verktaki að ýmsum verkefnum fyrir félagið. Stjórnin samþykkti þetta.
- 7. Vaxtarsamningur.** Framkvæmdastjóri lagði fram og gerði grein fyrir framvinduskýrslu VAXNA fyrir 2008 og aðgerða- og fjárhagsáætlun 2009. Rætt var um verkefni ársins eins og þau standa og einnig tekin umræða um árangursmat og framkvæmd þess. Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi aðgerða og fjárhagsáætlun að tillögu formanns.

**8. Önnur mál**

- a. *Nýsköpunarmiðstöð á Húsavík.* Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu mála með ráðningu í störf Nýsköpunarmiðstöðvar. Jafnframt greindi hann frá breytingum á núverandi húsnæði til að mæta breyttum þörfum.
- b. *Aðalfundur 2009 – tímasetning – málþing.*  
Stefnt er að aðalfundi á Þórshöfn 8. maí og skulu reikningar því liggja fyrir í lok apríl. Nokkur umræða varð um þema málþings í tengslum við fundinn. Samþykkt var að helga málþingið grunnstoðum atvinnulífsins og framtíðarþróun. Stjórnarmönnum falið að velta fyrir sér og koma með tilnefningar til hvatningarverðlauna.
- c. *Samningur vegna eigna Kísilgúrsjóðs.*  
Samningurinn sem undirritaður var 19. febrúar sl. var lagður fram og kynntur fyrir stjórninni. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögur að verklagsreglum um framkvæmd samningsins og næsta stjórnarfund.
- d. *Aðgerðir ríkisstjórnar í atvinnumálum.*  
Farið var yfir minnisblað sveitarstjóra Norðurþings varnðandi aðgerðir ríkisstjórnar í atvinnumálum. Lagt var fram bréf sem Atvinnuþróunarfélagið hefur sent ríkisstjórninni fyrir hönd sveitarfélaganna á svæðinu og Framsýnar.

Næsti stjórnarfundur verður þegar reikningar liggja fyrir.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40.